

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1980 er veitt:

	Pús. gkr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	915 948
01 Forsætisráðuneyti	123 470
02 Menntamálaráðuneyti	10 324 495
03 Utanríkisráðuneyti	1 030 427
04 Landbúnaðarráðuneyti	1 152 018
05 Sjóvarútvegsráðuneyti	1 280 864
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6 718 975
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	23 062 320
10 Samgönguráðuneyti	4 234 051
11 Iðnaðarráðuneyti	2 318 941
12 Viðskiptaráðuneyti	1 781 801
13 Hagstofa Íslands	48 153
14 Ríkisendurskoðun	53 559
Samtals	53 045 022

Gjört í Reykjavík, 4. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknari getur kveðið svo á að rannsókn máls og meðferð, annað hvort eða hvort veggja, skuli fara fram í Reykjavík eða annars staðar á landinu þar sem honum þykir best við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lög-sagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið. Mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skulu að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík.

4. mgr. 5. gr. orðist svo:

Dómur getur kvatt einn eða tvo kunnáttumenn til dómsstarfa með sér í málum þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf. Sitji tveir menn í dómi og ágreiningur verður á milli þeirra ræður atkvæði dómsformanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vinna skal að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Samheitið ofanflóð er hér eftir notað um snjóflóð og skriðuföll.

2. gr.

Meta skal hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku.

Hættumat skal ná til byggðra svæða, svo og annarra svæða sem skipuleggja skal.

Taka skal fullt tillit til hættumats við skipulagningu nýrra svæða og skal matið lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu.

3. gr.

Almannavarnir ríkisins skulu annast hættumat, setja reglur um forsendur og aðferðir við gerð þess, um flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra, svo og gerð varnarsvirkja.

Reglur þessar skulu staðfestar af félagsmálaráðherra.

Almannavarnir ríkisins skulu einnig annast gerð neyðaráætlana og sjá um leiðbeiningar og almenningafræðslu um hættu af ofanflóðum.